

Miðvikudaginn 16. október 1991.

Nr. 394/1988. **Helgi Friðgeirsson og**

Margrét Bárðardóttir

(Björgvin Þorsteinsson hrl.)

gegn

Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis,

Íslandsbanka hf.

(Sigurður G. Guðjónsson hrl.),

Stefáni Pálssyni hrl.,

Einhamri sf.

(Stefán Pálsson hrl.),

Halldóri Ragnarssyni

(Sigurður G. Guðjónsson hrl.),

Gjaldheimtunni í Reykjavík

(Guðmundur Vignir Jósefsson hrl.),

Hverfisprenti,

Fjárfestingarfélagi Íslands hf.,

bæjarfógetanum í Grindavík,

tollstjóranum í Reykjavík,

Byggingarsjóði ríkisins,

Sólningu hf.,

Brunabótafélagi Íslands,

Hitaveitu Suðurnesja,

Sigurmari K. Albertssyni hrl. og

Friðgeiri Björgvinssyni

(Sigurður G. Guðjónsson hrl.).

Uppboð. Greiðslustöðvun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henrysson og Björn Þ. Guðmundsson prófessor.

Hinn 1. janúar 1990 yfirtók Íslandsbanki hf. allan rekstur Iðnaðarbanka Íslands hf. og hefur tekið við aðild málsins.

Áfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. desember 1988. Þau krefjast þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði

ómerktur og stefndu dæmdir til að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og að áfrýjendur verði dæmdir til að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti. Af hálfu annarra stefndu en Einhamars sf. og Stefáns Pálssonar hrl. er þess jafnframt krafist, að áfrýjendur verði dæmdir til greiðslu málskostnaðar in solidum og að málskostnaður beri dráttarvexti samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Áfrýjendur reisa ómerkingarkröfu sína í fyrsta lagi á því, að uppboðshaldara hafi borið að hefja uppboðsmálið, er enginn uppboðsbeiðenda mætti í þinghaldi í uppboðsrétti 6. september 1988, en í öðru lagi hafi honum borið að fella málið niður, er greiðslustöðvun lauk, þar sem eigi hafi verið unnt að fara eftir ákvæðum 3. mgr. 29. gr. laga um nauðungaruppboð nr. 57/1949, sbr. 3. mgr. 7. gr. laga nr. 12/1987, að halda þriðja og síðasta uppboð innan fjögurra vikna frá öðru og síðara uppboði. Um sé að ræða formreglu, er eigi verði sniðgengin.

Stefndu reisa kröfur sínar á því, að framangreind lagaákvæði verði að skýra á þann veg, að þriðja og síðasta uppboð á fasteign, sem fresta verði vegna greiðslustöðvunar í þágu uppboðspola, skuli fara fram innan fjögurra vikna frá þeim degi, er greiðslustöðvun lauk, enda standi ekki ákvæði annarra laga því í vegi, að sala fari þá fram. Lögskýring á annan veg myndi eigi aðeins skaða hagsmuni uppboðsbeiðenda, heldur og uppboðspola.

Af hálfu stefndu er því sérstaklega mótmælt, að Hæstiréttur fjalli um réttaráhrif framangreindrar útivistar uppboðsbeiðenda, þar sem lögmaður áfrýjenda hafi lýst því yfir í uppboðsrétti, er málið var tekið til úrskurðar, að hann bæri eigi fram önnur mótmæli gegn framgangi þriðja og síðasta uppboðs en þau, að lagaáskilnaði um fjögurra vikna frest milli annars og þriðja uppboðs væri eigi fullnægt. Hér er um réttarfarsatriði að ræða, sem kemur til álita fyrir Hæstarétti ex officio.

Hinn 18. apríl 1988 fór fram annað og síðara uppboð á Kögurseli 14. Var málinu þá frestað til 13. maí sama ár, og skyldi þá fara fram þriðja og síðasta uppboð á eigninni. Í réttarhaldi þann dag mætti fulltrúi skiptaráðandans í Reykjavík og lagði fram ljósrit af

úrskurði skiptaréttar, þar sem áfrýjendum var veitt greiðslustöðvun í þrjá mánuði. Af hálfu málsaðila mætti enginn. Uppboðshaldari frestaði málinu við svo búið til 6. september 1988. Af gögnum málsins verður ekki séð, að þinghald hafi verið háð í málinu þann dag, en 13. ágúst höfðu áfrýjendur fengið greiðslustöðvunina framlengda um tvo mánuði, og var þriðja og síðasta uppboði þá frestað utan réttar til 8. nóvember 1988.

Samkvæmt 2. tl. 8. gr. gjaldþrotalaga nr. 6/1978 var uppboðshaldara óheimilt að framfylgja ákvörðun uppboðsréttar frá 18. apríl 1988 um þriðju og síðustu sölu á Kögurseli 14 hinn 13. maí, og hlaut uppboðið af þeim sökum að frestast sjálfkrafa þann tíma, er greiðslustöðvun var í gildi. Verður því hvorki talið, að útivist stefndu á fyrrnefndu dómþingi uppboðsréttar né ákvörðun uppboðshaldara um þinghöld í málinu, er hann tók utan réttar, meðan á greiðslustöðvun stóð, leiði til þess, að ómerkja beri meðferð málsins fyrir uppboðsréttinum.

Með vísan til þess, sem að framan er sagt, og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Rétt er, að áfrýjendur greiði stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir. Við munnlegan málflutning fyrir Hæstarétti kom fram, að sumir stefndu eru undanþegnir greiðslu virðisaukaskatts, en aðrir ekki. Er því við ákvörðun málskostnaðar ekki tekið tillit til virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Helgi Friðgeirsson og Margrét Bárðardóttir, greiði stefndu Stefáni Pálssyni og Einhamri sf. hvorum 10.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti. Áfrýjendur greiði in solidum stefndu Sparisjóði Reykjavíkur, Íslandsbanka hf., Halldóri Ragnarssyni, Gjaldheimtunni í Reykjavík, Hverfisprenti, Fjárfestingarfélagi Íslands hf., bæjarfógetanum í Grindavík, tollstjóranum í Reykjavík, Byggingarsjóði ríkisins, Sólningu hf., Brunabótafélagi Íslands, Hitaveitu Suðurnesja, Sigurmari K. Albertssyni og Friðgeiri Björgvinssyni hverjum 10.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.